

# Skýrsla starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar



**Iðnaðarráðuneyti  
Desember 2011**

## Efnisyfirlit

1. Inngangur	2
2. Samantekt	2
3. Greinargerð	2
4. Nýtt kerfi niðurgreiðslna	4
5. Áhrif á verð til notenda	5
6. Kostnaður og fjármögnun	6
7. Jarðvarmaveituvæðing og orkusparnaður	7
8. Aðrar breytingar á niðurgreiðslulögum	8
9. Viðauki	11

## Mynda- og töfluskrá

**Mynd 1** Meðalorkuverð til húshitunar, kr/kWst árin 2005-2010. **Bls. 2**

**Mynd 2.** Áhrif tillögu starfshóps á orkuverð til húshitunar. Línurnar sýna meðalverð veitna, kr/kWst til notenda. **Bls. 5**

**Mynd 3:** Áhrif tillögunnar á meðalverð niðurgreiddrar raforku, kr/kwst. **bls 6**

**Tafla 1** Áhrif tillögu starfshóps á upphæð niðurgreiðslna, kr/kWst miðað við stöðu niðurgreiðslna 2011. **Bls. 11**

**Tafla 2** Áhrif tillögu starfshóps á endalegt verð til neytenda, kr/kWst hjá hverri veitu fyrir sig miðað við stöðu niðurgreiðslna 2011. **Bls. 11**

**Tafla 3** Dæmi um Árskostnað, með sköttum, við upphitun 100 m<sup>2</sup> fjölbýlis. **Bls. 12**

**Tafla 4** Dæmi um árskostnað, með sköttum, við upphitun 140 m<sup>2</sup> raðhúss. **Bls. 12**

**Tafla 5** Dæmi um árskostnað, með sköttum, við upphitun 180 m<sup>2</sup> einbýlishúss. **Bls. 13**

# Tillögur starfshóps um breytingar á niðurgreiðslum til húshitunar

## Inngangur

Á fundi ríkisstjórnarinnar sem haldinn var á Ísafirði 5. apríl 2011 var samþykkt að unnið yrði að því með Samtökum sveitarfélaga á köldum svæðum að leita leiða til að lækka og jafna húshitunarkostnað. Í kjölfarið var skipaður starfshópur sem fékk eftirfarandi hlutverk í skipunarbréfi iðnaðarráðuneytisins:

- Yfirfara lög nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og koma með tillögur til úrbóta varðandi framkvæmd laganna.
- Setja fram tillögur um framkvæmd og fjármögnun niðurgreiðslna til húshitunar.
- Gera tillögur um viðmið fyrir húshitunarkostnað.
- Yfirfara þær aðgerðir sem nú er beitt varðandi orkusparnað á köldum svæðum og koma fram með tillögur um frekari aðgerðir á því sviði.

Starfshópurinn skipa:

Arnbjörg Sveinsdóttir, Ása Ögmundsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Ingibjörg Sigmundsdóttir, Katrín Skúladóttir, Kristinn Jónasson, Ómar Már Jónsson, Sigurður Friðleifsson

## Samantekt

Tillögu starfshópsins má skipta í þrennt. Í fyrsta lagi er lagt til að grundavallarbreyting verði gerð á niðurgreiðslukerfinu þannig að flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu. Kerfið verður þá sjálfvirkt þar sem öllum breytingum á verði á raforkudreifingu yrði mætt með sjálfvirkum hætti án þess að sérstök ákvörðun þurfi að liggja þar að baki.

Í öðru lagi er gerð tillaga að breyttri fjármögnun niðurgreiðslna. Tillaga hópsins er að jöfnunargjald verði sett á hverja framleidda kWst sem næmi þeim kostnaði sem nauðsynlegur er á hverjum tíma til að niðurgreiða að fullu flutning og dreifingu raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis.

Í þriðja lagi gerir hópurinn nokkrar tillögur sem snúa að frekari jarðvarmaveituuþbyggingu og bættri orkunýtni, þar ber hæst að starfshópurinn leggur til að jöfnunargjald verði lagt á hitaveitur, svipað og á raforkuframléiðslu, sem geti ávallt tryggt viðgang og vöxt jarðvarmaveitna. Einnig er lagt til að heimilt verði að lengja stofnstyrkjaframlagið í allt að 12 ár ef þörf krefur.

Hugmyndir um breytingar á kerfinu og fjármögnun eru óháðar hver annarri þ.e.a.s. að hægt er að gera umræddar breytingar á kerfinu með núverandi fjármögnun og öfugt.

Að auki er lagt til að Orkustofnun skoði sérstaklega þann mikla mismun sem er á verði til neytenda hjá RO veitum og geri tillögur til úrbóta.

## Greinargerð

Á Íslandi verður húshitun að teljast ein af grunnþörfum hvers íbúa enda veðurfar með þeim hætti að nauðsynlegt er að kynda íbúðarhúsnæði nánast alla daga ársins. Um 90% Íslendinga búa svo vel að hafa aðgang að ódýrum og umhverfisvænum jarðhita í formi jarðvarmaveitna. Um 10 prósent landsmanna hafa hinsvegar ekki aðgang að þessari auðlind og þurfa að notast við rafhitun eða olíu. Slík hitun er margfalt dýrari og til að koma í veg fyrir að lítill hluti landsmanna þurfi að greiða margfalt hærra verð fyrir upphitun íbúðarhúsnæðis er raforka og

olía til hitunar niðurgreidd að hluta. Þar sem olía er hverfandi hluti upphitunar verður hér eftir til einföldunar einungis talað um rafhitun.


Í núverandi niðurgreiðslukerfi ber iðnaðarráðherra að ákveða upphæð niðurgreiðslna, í kr/kWst, í samræmi við heildarfjárhæð niðurgreiðslna sem samþykkt er í fjárlögum viðkomandi árs. Slík ákvörðun er ekki einföld þar sem endurskoðunarákvæði niðurgreiðslu á hverja kWst er ekki bundin einhverjum fyrirframgefnum ramma og þarf því að byggja á mati. Ekki er auðvelt að meta hækkunarþörf niðurgreiðslu í flóknu og síbreytilegu umhverfi. Það er ekki svo að í landinu sé einungis eitt rafhitunarverð og annað jarðvarmaverð sem niðurgreiðslur geti svo jafnað með einföldum hætti. Rafhitunarverði er skipt í flutning, dreifingu og sölu, verðin eru mismunandi eftir dreifiveitum og söluaðilum en einnig eftir því hvort húsnæðið er skilgreint í dreifbýli eða þéttbýli. Tvö ólík rafhitunarkerfi eru svo til staðar þ.e. rafkyntar veitur og bein rafhitun. Að auki er erfitt að tengja niðurgreiðsluviðmið rafhitunar við jarðvarmaveitur, þar sem þær eru til í ýmsum stærðum og verðflokkum og gjaldheimtan oftast með allt öðrum hætti en tíðkast við rafhitun.

Árið 2005 gjörbreyttist starfsumhverfi orkufyrirtækja þegar skilið var á milli sölu og dreifingar á raforku með nýjum raforkulögum. Starfshópurinn ákvað með tilliti til þess að greina stöðu niðurgreiðslna frá 2005 þegar ný raforkulög tóku gildi.

Almenn sátt er og hefur verið um nauðsyn þess að jafna húshitunarkostnað milli svæða. Þrátt fyrir að engar ákvarðanir hafa verið teknar beint um að dregið skuli úr slíkri jöfnun jókst bilið á milli rafhitunar og jarðvarma jafnt á þétt á tímabilinu frá 2005-2010. (mynd1)

Ástæðan er að verðmunur á jarðvarma og rafhitun hefur aukist án þess að upphæð niðurgreiðslna hafi fylgt þeirri þróun. Starfshópurinn telur að ástæðuna megi einkum rekja til fyrirkomulags niðurgreiðslukerfisins sjálfs, þar sem stöðugt þarf að endurskoða fjárhæðina í flóknu umhverfi, frekar en að pólitískur vilji hafi verið fyrir meiri ójöfnuði.

Að auki fór að myndast ójöfnuður innan jöfnunarkerfisins þegar verðmunur á dreifingu til dreifbýlis og þéttbýlis jókst jafnt og þétt á tímabilinu. (mynd1)



Mynd 1 Meðalorkuverð til húshitunar, kr/kWst árin 2005-2010

Núverandi kerfi er að mati starfshópsins flókið, ógagnsætt gagnvart neytendum og háð stöðugum uppfærslum sem byggja þarf á erfiðu mati á umfangi niðurgreiðsluupphæða hverju sinni.

## Nýtt kerfi niðurgreiðslna

Við greiningu á kostum og göllum núverandi niðurgreiðslukerfis telur starfshópurinn að þær breytingar sem gera þurfi á kerfinu verði gerðar með því leiðarljósi að nýtt kerfi verði:

- Sjálfvirkt, þ.e. fylgi sjálfkrafa breytingum
- Einfalt og auðskiljanlegt
- Tekjulega sjálfbært
- Með hvata til orkusparnaðar

Tillaga starfshópsins er að niðurgreiðslur til húshitunar verði með þeim hætti að:

### *Flutningur og dreifing á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis verði niðurgreidd að fullu.*

Flutningur og dreifing raforku eða svokallaður sérleyfisþáttur er í dag í umsjá hins opinbera og tillagan er að hann verði að fullu endurgreiddur. Sala rafmagns er hinsvegar skilgreind á samkeppnismarkaði og niðurgreiðslurnar munu ekki hafa bein áhrif á þann markað.


Færa má rök fyrir því að notendur á rafhituðum svæðum greiði nú þegar sinn skerf af flutnings- og dreifikostnaði í gegnum almenna raforkunotkun og ekki beri að íþyngja íbúum frekar vegna dreifikostnaðar á raforku til hitunar. Einnig má benda á að þar sem rafhitun leggst af, t.d. með tilkomu nýrrar hitaveitu, hefur það lítil áhrif á kostnað dreifiveitna við flutningskerfið sem vissulega þarf að vera áfram til staðar vegna almennrar raforkunotkunar. Í nýju kerfi væri notandi því einungis að greiða fyrir framleiðslu orkunnar sem nýtt er við hitun.

Kerfið verður sjálfvirkt þar sem öllum breytingum á verði á raforkudreifingu yrði mætt með sjálfvirkum hætti að fullu án þess að sérstök ákvörðun þurfi að liggja þar að baki. Með þessu er jafnframt komið á viðmiði fyrir húshitunarkostnað þ.e. breytingar munu alltaf miðast við hækkun eða lækkun kostnaðar við dreifingu og flutning raforku.

Gagnvart neytendum yrði nýtt niðurgreiðslukerfi mun auðskiljanlegra þar sem flutningur og dreifing raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis yrði alltaf og hjá öllum endurgreidd að fullu.

Starfshópurinn telur það kerfislega mikilvægt að niðurgreiðslan verði ekki tengd samkeppnislið á frjálsum markaði heldur kostnaðarlið sem hefur skilgreindan tekjuramma hjá Orkustofnun. Þannig á að vera tryggt að órökstuddur kostnaður verði ekki færður á verðlag fyrir flutning og dreifingu raforku með óþarfa hækkunarálagi á niðurgreiðslur. Gert er ráð fyrir að eðli samkeppninnar tryggi að söluhluti raforku haldist viðunandi.

Breytingarnar fela einnig í sér að meiri jöfnuður verður innan rafhitunarhópsins þ.e. munur á milli dreifbýlis og þéttbýlis hverfur þar sem öll dreifing raforku er niðurgreidd. Að sjálfsögðu verður enginn munur á verði framleiddrar raforku hvort sem hún er nýtt í skilgreindu dreifbýli eða þéttbýli. Á mynd 2 má sjá áhrif tillögunnar á lokaverð til neytenda á hverja kWst.




**Mynd 2. Áhrif tillögu starfshóps á orkuverð til húshitunar. Línurnar sýna meðalverð veitna, kr/kWst til notenda. Línan fyrir dýrar hitaveitur er samsett meðaltal fimm dýrustu jarðvarmaveitnanna**

Kyntar hitaveitur eru veiturnar á Hornafirði og Seyðisfirði, sem eru í eigu Rarik, veiturnar á Ísafirði, Bolungarvík, Suðureyri, Flateyri og Patreksfirði sem er í eigu OV og veitan í Vestmannaeyjum í eigu HS-veitna. Þar sem rafhitun í gegnum kyntar hitaveitur hefur ekki skilgreinda dreifingu leggur starfshópurinn til að niðurgreiðslur kyntra hitaveita breytist hlutfallslega í takt við breytingar á niðurgreiðslu við beina rafhitun. Núverandi verð kyntra hitaveita er mjög breytilegt og yfir 50% munur er á milli ódýrustu og dýrustu veitunnar, sjá töflu 2 í viðauka. Talsverður mismunur er á fastagjöldum og rúmetragjaldi vatns á milli veitna, sem hefur þau áhrif að lokagjald til neytenda verður hæst á Hornafirði og Seyðisfirði. Starfshópurinn telur brýnt að Orkustofnun greini ástæðu þessa verðmunar. Ef eðlilegar ástæður liggja að baki þessa verðlags þá er mögulegt að hlufall niðurgreiðslna hjá mismunandi kyntum hitaveitum verði jafnað innbyrðis, eða gripið til annara ráðstafana sem leiðir til þeirrar jöfnunar á húshitunarkostnaði sem stefnt er að með þessum tillögum.

### Áhrif á verð til notenda

Áhrif tillögurnar á endanlegt verð til neytenda er mismikill enda felur tillagan í sér verðjöfnun innan jöfnunarkerfisins. Þannig lækkar orkuverð í dreifbýli mest enda var það hæst fyrir. Á mynd 3 má sjá hvernig endanlegt heildarverð með sköttum á hverja kWst breytist með tillögunni. Tillagan felur í sér að verð verður svipað og hjá dýrustu hitaveitum landsins. Áhrif tillögunnar á einstaka veitur og mismunandi stærð húsnæðis má sjá í viðauka.



Mynd 3: Áhrif tillögunnar á meðalverð niðurgreiddrar raforku, kr/kwst, þar sem ljósbláu súlurnar sýna meðalverð eftir breytingu.

### Kostnaður og fjármögnun

Í skipunarbréfi starfshópsins stendur að koma eigi með tillögur að framkvæmd og fjármögnun niðurgreiðslna. Starfshópurinn gerir ráð fyrir að breytingartillaga hans rúmist vel innan núverandi fyrirkomulags niðurgreiðslna en gerir hinvegar tillögur um gjörbreytta fjármögnun niðurgreiðslna sem tryggja á sjálfbæra tekjuöflun til framtíðar.

Tillaga hópsins er að jöfnunargjald verði sett á hverja framleidda kWst sem næmi þeim kostnaði sem nauðsynlegur er á hverjum tíma til að niðurgreiða að fullu flutning og dreifingu raforku til upphitunar íbúðarhúsnæðis. Samkvæmt fjárlögum 2012 verður 1.172 milljónum kr. varið til fjárlagaliðar 11-373. Uppreiknaður kostnaður niðurgreiðslna miðað við tillögur hópsins yrði um 1700 milljónir kr. eða um 500 milljónum kr. hærri en árið 2011.

Miðað við núverandi raforkuframleiðslu á Íslandi, 17 TWst, myndi jöfnunargjald sem nema myndi 0,1 kr/kWst duga fyrir heildarfjármögnun niðurgreiðslna.

Starfshópurinn telur ekki óeðlilegt að Orkufyrirtækin sjálf standi undir kostnaði við jöfnunarkerfið sem tryggja á orku til ákveðins hóps viðskiptavina á viðunandi verði. Í stað þess að ríkið komi að fjármögnun á upphitunarkostnaði íbúðarhúsnæðis með beinu fjárframlagi þá verði ríkið hér eftir aðeins umsjónar- og eftirlitsaðili á umsýslu jöfnunarkostnaðar sem fjármagnaður verður innan orkufyrirtækjanna.

Starfshópurinn leggur áherslu á að markvisst verði unnið að því að lækka fjárþörf jöfnunarsjóðsins með aðgerðum sem draga úr almennri rafhitun. Stækkun jarðvarmaveitna, jarðhitaleit, bætt einangrun, varmadælur ofl. eru allt dæmi um leiðir sem draga úr rafhitunarpörf og þarf með kostnaði við niðurgreiðslur. Aukin raforkuframleiðsla til framtíðar mun einnig skapa svigrúm til lækkunar á jöfnunargjaldi á hverja kWst. Sem dæmi um áhrif

mögulegrar þróunar á raforkuvinnslu og umfangi rafhitunar, þá myndi 50% aukning raforkuvinnslu og 30% minnkun á rafhitun skapa svigrúm til lækkunar jöfnunargjalds um meira en helming eða niður fyrir 0,05 kr/kWst. Svo framalega sem unnið verði markvisst að samdrætti rafhitunar og allar frekari virkjunarframkvæmdir verði ekki lagðar á hilluna, þá má telja ólíklegt að hækkunarþörf á jöfnunargjaldi skapist til framtíðar. Lagt er til að jöfnunargjaldið verði endurskoðað með reglubundnum hætti til að meta möguleika til lækkunar vegna breyttra forsendna hverju sinni.

Finna má svipaða aðferðafræði, víðar í stjórnsýslunni, um fjármögnun jöfnunarkostnaðar. Í fjarskiptalögum (2003 nr. 81 26. mars) segir m.a. *“Allir notendur skulu eiga rétt á alþjónustu, óháð staðsetningu”* Þar sem kostnaður af fjarskiptaþjónustu er meiri en tekjur standa undir getur viðkomandi þjónustufyrirtæki sótt um, til Póst- og fjarskiptastofnunar, að því verði með fjárframlögum tryggt eðlilegt endurgjald. Um fjármögnun á þessum jöfnunarkostnaði segir í fjarskiptalögum *“Til að standa straum af greiðslu fjárframlaga samkvæmt þessum kafla skal innheimta jöfnunargjald sem rennur í jöfnunarsjóð í vörslu Póst- og fjarskiptastofnunar”* Jöfnunargjaldið þetta er svo innheimt í gegnum fyrirfram ákveðið hlutfall af veltu allra fjarskiptafyrirtækja.

Annað dæmi má finna í lögum um jöfnun flutningskostnaðar á olíuvörum (1994 nr.103 20. maí), en þar segir m.a. *“Flutningskostnaður á olíuvörum innan lands skal jafnaður eins og nánar greinir í lögum þessum”* um fjármögnun jöfnunarkerfisins segir m.a. *“Leggja skal flutningsjöfnunargjald á allar olíuvörur, sem fluttar eru til landsins og ætlaðar eru til nota innan lands, sbr. 1. gr., og rennur gjaldið í sérstakan sjóð — flutningsjöfnunarsjóð olíuvara”*

Starfshópurinn leggur til að jöfnunargjald verði lagt á um áramót 2012/2013 samhliða endurskoðun á orkuskatti sem í dag er 0,12 kr/kWst. Í lögum um umhverfis- og auðlindaskatta segir að lög um orkuskatta falli úr gildi 31. desember 2012 (*Lög nr. 129 23. desember 2009*). Starfshópurinn leggur til að í stað orkuskatts yrði lægra jöfnunargjald lagt á í staðin eða 10 aurar á hverja framleidda kílóvattstund, 0,10 kr/kWst

### **Jarðvarmaveituvæðing og orkusparnaður**

Mikilvægt er að hvatinn til orkusparnaðar og hitaveituf framkvæmda hverfi ekki með nýjum tillögum enda þjóðhagslega mikilvægt að draga úr rafhitun. Með tillögum lækkar endanlegt verð til notenda sem minnkar hvata til orkusparnaðar. Starfshópurinn telur að þær breytingar sem gerðar voru á niðurgreiðslulögum 2009 vegi að mestu upp á móti þessu. Þær breytingar opnuðu á aðkomu ríkis að orkusparandi framkvæmdum einstaklinga þar sem væntanlegur niðurgreiðslusparnaður aðgerðarinnar fæst greiddur út sem stofnstyrkur. Upphæð stofnstyrks miðast við upphæð niðurgreiðslna þannig að tillögur starfshóps ættu að fela í sér að hærri styrk í boði fyrir hverja sparaða kWst. Starfshópurinn leggur ekki til breytingar á 40.000 kWst þaki á niðurgreiðslum en leggur hinsvegar til að skoðaðar verði leiðir til að tengja þak við hámarksorkunotkun á stærðareiningu húsnæðis. Þannig fengju allir jafnan rétt óháð stærð húsnæðis og jafn hvati væri til orkusparnaðar óháð stærð húsnæðis.

Tillögur starfshópsins hafa einnig áhrif á samkeppnisstöðu jarðvarmaveitna gagnvart rafhitun en sama ætti einnig að gilda um stofnstyrki veitna þ.e. að hærri eingreiðsla ætti að vera í boði fyrir nýframkvæmdir með nýjum tillögum. Þar sem eðli jarðvarmaveituf framkvæmda er að þeim fylgir hár stofnkostnaður en lágur rekstrarkostnaður ættu hærri stofnstyrkir að veiga þungt í hagkvæmni slíkra framkvæmda. Til að tryggja ennfrekari jarðvarmaveituvæðingu er lagt til að viðmiðunartími stofnstyrkja verði rýmkaður. Lagt er til að sérstök nefnd sérfræðinga meti



stofnstyrkjaþörf hverrar framkvæmdar fyrir sig og verði heimilt að lengja stofnstyrkjaframlagið í allt að 12 ár ef þörf krefur.

Núverandi kerfi rúmar ekki stærri jarðvarmaframkvæmdir og stofnstyrkir hafa í einstaka tilfellum misst ákveðna vigt þegar dreifa hefur þurft greiðslum þar sem upphæð fjárlagaliðarins hefur engan veginn staðið undir fjárþörfinni. Með tillögum starfshópsins munu hærri niðurgreiðslur og rýmri viðmiðunartími stofnstyrkja hækka þá framtíðarupphæð sem fer eingreiðslur til stækkunar eldri hitaveitna og/eða til nýrra hitaveitna.

Lagt er til að fjármögnun hitaveituf framkvæmda og jarðhitaleitar verði með öðrum hætti til að tryggja að stofnstyrkir nýtist sem best og geti ávallt tryggt viðgang og vöxt jarðvarmaveitna. Starfshópurinn leggur til að jöfnunargjald verði lagt á hitveitur svipað og á raforkuframléiðslu.

Í stað 2% orkuskatts á tekjum hitaveitna kæmi lægra jöfnunargjald sem yrði 1% af tekjum hitaveitna. Slíkt jöfnunargjald myndi gefa um 150 miljónir króna árlega og tryggja áframhaldandi hitaveituvæðingu til framtíðar. Þar sem umfang hitaveituf framkvæmda er mjög breytilegt milli ára er lagt til að umsýsla jöfnunargjaldsins verði í gegnum sjóð sem greitt gæti út hærri upphæðir til einstakra verkefna en sem nemur árlegum tekjum en safnað í sjóð þess á milli. Orkusjóður væri kjörinn vettvangur fyrir slíkt en í dag þjónustar hann m.a. jarðhitaleit og lán til vinnsluborana.

### **Aðrar breytingar breytingar á niðurgreiðslulögum**

Starfshópurinn leggur einnig til nokkrar smærri breytingar á lögum um niðurgreiðslur sem hér verða kynntar. Í núverandi lögum segir að íbúð skuli njóta niðurgreiðslu ef hún tengist hvorki hitaveitu né raforkukerfi og hituð sé með olíu. Með því að nefna einungis olíu útiloka lögin að hægt sé að niðurgreiða umhverfisvænna eldsneyti eins og grisjunarvið, kurl eða viðarpillur. Lagt er til að í stað olíu verði talað um eldsneyti sem myndi opna fyrir niðurgreiðslu á endurnýjanlegu og umhverfisvænna eldsneyti.

Einnig þarf að endurskoða skilgreiningu á kyntum hitaveitum. Í núverandi lögum er ákvæði um lágmarks hlutfall raforku í orkunotkun kyntra hitaveitna. Með þessu ákvæði eru aðrir umhverfisvænir orkugjafar útilokaðir frá niðurgreiðslum. Síðan lögin voru sett hefur risið kynt hitaveita á Hallormsstað sem nýtir eingöngu grisjunarvið. Núverandi lög koma í veg fyrir að hægt sé að tengja íbúðarhúsnaði við veituna sem nyti niðurgreiðslna líkt og aðrar kyntar hitaveitur. Starfshópurinn telur engin rök fyrir því að niðurgreiða aðeins eina ákveðna gerð innlendrar og umhverfisvænnar orku.

Að lokum leggur starfshópurinn til að ákvæði sem kveður á um að frá stofnstyrkjum hitaveitu skuli dreginn frá annar beinn og óbeinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins, verði lagt niður. Jarðhitaleit og boranir kosta svipað hvort sem leitað er að heitu vatni fyrir þúsund manna eða hundrad manna byggð. Það er verulega íþyngjandi fyrir smærri jarðhitaverkefni ef allur stofnstyrkur þurrkast út vegna þess opinbera fjármagns sem lagt var í jarðhitaleitina.

## Undirskrift starfshóps

---

Sigurður Friðleifsson  
Skipaður af iðnaðarráðherra, formaður

---

Ambjörg Sveinsdóttir  
Tilnefnd af SKSS

---

Ása Ögmundsdóttir  
Tilnefnd af fjármálaráðuneyti

---

Hjalti Þór Vignisson  
Tilnefndur af SKSS

---

Ingibjörg Sigmundsdóttir  
Tilnefnd af RARIK

---

Katrín Skúladóttir  
Tilnefnd af OV

---

Kristinn Jónasson  
Tilnefndur af SKSS

---

Ómar Már Jónsson  
Tilnefndur af SKSS

## Viðauki

Orkufyrirtæki	Niðurgreitt 2011 kr/kWst	Niðurgreitt 2013 kr/kWst	Hækkun %
RARIK þéttbýli	3,09	4,68	51%
RARIK dreifbýli	4,17	6,32	52%
Rafveita Reyðarfjarðar	2,53	3,83	51%
Hitaveita Suðurnesja	2,97	4,50	52%
Orkuveita Reykjavíkur	3,16	4,80	52%
Norðurorka	2,85	4,32	52%
Orkubú Vestfjarða þéttbýli	2,81	4,26	52%
Orkubú Vestfjarða dreifbýli	4,15	6,42	55%
RARIK - RO-veitur	2,10	3,40	51%
Orkubú Vestfjarða - RO-veitur	2,04	3,31	52%
HS_ Vestmannaeyjar RO-veita	1,64	2,66	52%

**Tafla 1** Áhrif tillögu starfshóps á upphæð niðurgreiðslna, kr/kWst miðað við stöðu niðurgreiðslna 2011.

Orkufyrirtæki	Fyrir breytingu, Orkuverð kr/kWst með VSK	Eftir breytingu, Orkuverð kr/kWst með VSK
RARIK þéttbýli	6,72	5,02
RARIK dreifbýli	7,32	5,02
Rafveita Reyðarfjarðar	6,39	5,00
Hitaveita Suðurnesja	6,68	5,04
Orkuveita Reykjavíkur	6,96	5,20
Norðurorka	6,68	5,10
Orkubú Vestfjarðar þéttbýli	6,46	4,91
Orkubú Vestfjarðar dreifbýli	7,34	4,91
RARIK - RO-veitur	6,51	5,09
Orkubú Vestfjarða - RO-veitur	5,69	4,78
HS_ Vestmannaeyjar RO-veita	4,16	3,39

**Tafla 2** Áhrif tillögu starfshóps á endalegt verð til neytenda, kr/kWst hjá hverri veitu fyrir sig miðað við stöðu niðurgreiðslna 2011.

Hér fyrir neðan koma dæmi um endanlegan árskostnað á upphitun hjá íbúum í mismunandi gerð og stærð húsnæðis. Árskostnaður er sýndur á föstu verðlagi fyrir árið 2005, þegar skilið var á milli sölu og dreifingar á raforku, árið 2011 og svo miðað við tillögur starfshópsins, (nýtt kerfi).

## Fjölbýli 100 m<sup>2</sup>

	Rafhitun				Hitaveitur			Kyntar hitaveitur		
	RARIK Þéttb	RARIK Dreifb	OV Þéttb	OV Dreifb	Reykv.	Akureyri	Bl.ós	Ísafj	Seyðisf	Vestmey
Staður										
Húsnæði	Fjöl	Fjöl	Fjöl	Fjöl	Fjöl	Fjöl	Fjöl	Fjöl	Fjöl	Fjöl
Stærð	100 m <sup>2</sup>	100 m <sup>2</sup>	100 m <sup>2</sup>	100 m <sup>2</sup>	100 m <sup>2</sup>	100 m <sup>2</sup>	100 m <sup>2</sup>	100 m <sup>2</sup>	100 m <sup>2</sup>	100 m <sup>2</sup>
kWst/ári	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619	21.619
2005	<b>117.823</b>	<b>123.655</b>	<b>104.053</b>	<b>108.375</b>	<b>69.484</b>	<b>98.196</b>	<b>92.574</b>	<b>99.917</b>	<b>97.569</b>	<b>89.139</b>
2011	<b>145.271</b>	<b>158.225</b>	<b>139.719</b>	<b>158.688</b>	<b>59.841</b>	<b>72.849</b>	<b>103.540</b>	<b>133.877</b>	<b>152.338</b>	<b>96.474</b>
<u>Nýtt kerfi</u>	<b>108.491</b>	<b>108.491</b>	<b>106.177</b>	<b>106.177</b>	<b>59.841</b>	<b>72.849</b>	<b>103.555</b>	<b>110.282</b>	<b>121.665</b>	<b>73.202</b>

**Tafla 3** Dæmi um Árskostnað, með sköttum, við upphitun 100 m<sup>2</sup> fjölbýlis.

## Raðhús 140 m<sup>2</sup>

	Rafhitun				Hitaveitur			Kyntar hitaveitur		
	RARIK Þéttb	RARIK Dreifb	OV Þéttb	OV Dreifb	Reykv.	Akureyri	Bl.ós	Ísafj	Seyðisf	Vestmey
Staður										
Húsnæði	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús	Raðhús
Stærð	140 m <sup>2</sup>	140 m <sup>2</sup>	140 m <sup>2</sup>	140 m <sup>2</sup>	140 m <sup>2</sup>	140 m <sup>2</sup>	140 m <sup>2</sup>	140 m <sup>2</sup>	140 m <sup>2</sup>	140 m <sup>2</sup>
kWst/ári	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400	28.400
2005	<b>151.616</b>	<b>158.675</b>	<b>134.053</b>	<b>138.376</b>	<b>86.896</b>	<b>123.465</b>	<b>121.611</b>	<b>122.375</b>	<b>120.080</b>	<b>111.853</b>
2011	<b>190.837</b>	<b>207.854</b>	<b>183.544</b>	<b>208.462</b>	<b>74.837</b>	<b>89.336</b>	<b>136.036</b>	<b>166.737</b>	<b>190.490</b>	<b>120.921</b>
<u>Nýtt kerfi</u>	<b>142.520</b>	<b>142.520</b>	<b>139.481</b>	<b>139.481</b>	<b>74.837</b>	<b>89.336</b>	<b>136.036</b>	<b>135.741</b>	<b>150.195</b>	<b>90.121</b>

**Tafla 4** Dæmi um árskostnað, með sköttum, við upphitun 140 m<sup>2</sup> raðhúss.

## Einbýli 180 m<sup>2</sup>

	Rafhitun				Hitaveitur			Kyntar hitaveitur		
Staður	RARIK Þéttb	RARIK Dreifb	OV Þéttb	OV Drei fb	Reykv.	Akureyri	Bl.ós	Ísafj	Seyðisf	Vestmey
Húsnæði	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli	Einbýli
Stærð	180 m <sup>2</sup>	180 m <sup>2</sup>	180 m <sup>2</sup>	180 m <sup>2</sup>	180 m <sup>2</sup>	180 m <sup>2</sup>	180 m <sup>2</sup>	180 m <sup>2</sup>	180 m <sup>2</sup>	180 m <sup>2</sup>
kWst/ári	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632	34.632
2005	<b>182.673</b>	<b>190.859</b>	<b>161.625</b>	<b>165.948</b>	<b>102.898</b>	<b>146.688</b>	<b>148.296</b>	<b>143.015</b>	<b>140.768</b>	<b>132.728</b>
2011	<b>232.713</b>	<b>253.465</b>	<b>223.820</b>	<b>254.206</b>	<b>88.618</b>	<b>104.488</b>	<b>165,877</b>	<b>196.937</b>	<b>225.552</b>	<b>144.122</b>
<u>Nýtt kerfi</u>	<b>173.794</b>	<b>173.794</b>	<b>170.088</b>	<b>170.088</b>	<b>88.618</b>	<b>104.488</b>	<b>165.887</b>	<b>159.140</b>	<b>176.416</b>	<b>105.669</b>

**Tafla 5** Dæmi um árskostnað, með sköttum, við upphitun 180 m<sup>2</sup> einbýlishúss.